



Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. ágúst 2021
2004031/518.00 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs um breytingu á hámarkshraða á Salavegi

Á 140. fundi umhverfis- og samgöngunefndar þann 4. maí var samþykkt að hámarkshraði á Salavegi yrði lækkaður úr 50 km/klst. í 40 km/klst. og vísað til bæjarráðs og bæjarstjórnar til staðfestingar.

Á 3046. fundi bæjarráðs þann 20. maí var málinu vísað til afgreiðslu sviðsstjóra umhverfissviðs.

Breytingar á umferðarrétti þarf að auglýsa í b-deild stjórnartíðinda að undangengnu samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar auk samþykkis lögreglustjóra til að öðlast lagalegt gildi.

Salavegur er skilgreindur í umferðarskipulagi sem tengibraut/safngata með 50 km hámarkshraða. Umferðarmæling frá 2017 sýnir að algengasti hraði (V85) er 57 km/klst. Gatan er 7 m breið, með 1,5 m svæði á milli götu og gönguleiða. Gönguleiðir skólabarna liggja þvert á götuna en ein undirgöngu eru við Hvammsveg. Upphækkaðar göngupveranir eru á sjö stöðum í götunni sem er um 1,2 km á lengd.

Götur í Lindahverfi sem eru sambærilegar Salavegi að uppbyggingu og nýtingu eru sem dæmi Hvammsvegur, Hlíðardalsvegur og Fitjalind en í þessum götum er hámarkshraði bæði 50 km/klst. og 30 km/klst. Sama gildir um nokkrar götur í Kórahverfi þar sem Austurkór og Kóravegur eru með hámarkshraða 30 km/klst. á meðan Þingmannaleið er með hámarkshraða 50 km/klst. Kóravegur og Austurkór eru skilgreindar í umferðarskipulagi sem húsagata en eru hannaðar sem tengibraut með hönnunarhraða 50 km/klst. Þingmannaleið er skilgreind og hönnuð sem tengibraut með 50 km/klst. hámarkshraða.

Óæskilegt er að breyta hámarkshraða tilviljanakennt og þyrfti að gera slíkt heildstætt og í samræmi við eðli og uppbyggingu gatnanna. Einnig þyrfti við breytingu á hámarkshraða framkvæma lítilsháttar breytingu á götunum til að beina umferðarhraða í að vera eins og nýr hámarkshraði segir til um, t.d. með þrengingum, þverunum, yfirborðsmerkingum eða breytingu á yfirborði götunnar.

Lagt er til að breyta hámarkshraða á Salavegi úr 50 km/klst. í 40 km/klst. til tilraunar og mæla umferðarhraða fyrir og eftir breytingu. Samkvæmt drögum að nýrri Samgöngustefnu Kópavogsbæjar skal fara fram endurskoðun á umferðaröryggisáætlun Kópavogsbæjar og er lagt til að við þá vinnu skulu frekari breytingar á umferðarhraða skoðast heildstætt til að gæta samræmis.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar